

Borgarráð 30. nóvember 2023: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um afgreiðslu tillögu um fána Palestínu MSS23110111

Í ljósi þeirra miklu og jákvæðu viðbragða hjá borgarbúum sem fögnuðu einlæglega palestínsku fánunum, sem loksins sáust dregin að húni við Ráðhúsið í gær (að því er haldið var, af Reykjavíkurborg) og síðan þeirra gríðarlegu vonbrigða sem borgin olli þeim sama almenningi í kjölfarið þegar hún ákvað að taka þá niður er lagt til að borgarráð skýri afstöðu sína í eitt skipti fyrir öll með því að afgreiða tillögu borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um fána Palestínu við Ráðhúsið. Tillagan var lögð fram og frestað á fundi borgarráðs 16. nóvember sl., fyrir mörg þúsund mannlífum síðan en tillagan er svohljóðandi: Lagt er til að fáni Palestínu verði dreginn að húni við Ráðhús Reykjavíkur til að sýna samstöðu með íbúum í Palestínu.

Greinargerð:

Aðgerð borgarinnar í gær þótti sérstaklega ruddaleg og afhjúpandi fyrir borgarstjóra og ráðamenn borgarinnar á alþjóðlegum samstöðudegi með Palestínsku þjóðinni. Niðurlægjandi hreint út sagt og almenningur krefst svara.